



Sam. 187/1996 P.S.

Reykjavík, 25. maí 1997

**Áskorun
um frestun á afgreiðslu
stjórnarfrumvarps um fjármagnstekjuskatt**

Alþingi
Erindi nr. þ 120/2116
komudagur 29/5 1996

Að teknu tilliti til breytinga sem gerðar hafa verið á stjórnarfrumvarpi um fjármagnstekjuskatt, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, er ljóst að árlegt tekjutap sveitarfélaga mun nema 155 mkr. vegna skerðingar útsvarsstofns auk þess sem skattgreiðslur þeirra til ríkissjóðs munu aukast um 84 mkr. vegna upptöku fjármagnstekjuskattsins. Áhrif samþykktar frumvarpsins leiða því til 239 mkr. fjárhagstjóns fyrir sveitarfélögin í landinu. Auk þess eru líkur til að skerðing útsvarsstofns yrði mun meiri í framtíðinni og gæti árlegt fjárhagstjón sveitarfélaganna numið samsvarandi fjárhæð af þeim sökum þegar til lengri tíma er litið.

Í tengslum við flutning grunnskólaverkefna frá ríki til sveitarfélaga var nýverið gengið frá samkomulagi um auknar tekjur til sveitarfélaga til að mæta auknum verkefnum og skyldum þeirra m.a. vegna ákvæða laga um einsetningu grunnskóla. Þar var m.a. gert ráð fyrir að ríkið greiddi sveitarfélögunum 265 mkr. árlega á árunum 1997 - 2001 til að auðvelda þeim að uppfylla ákvæði grunnskólalaga um einsetningu allra grunnskóla fyrir árið 2002.

Með upptöku fjármagnstekjuskatts, í samræmi við stjórnarfrumvarpið, er sú umsamda fjárhæð nánast öll hirt til baka. Samþykkt frumvarpsins myndi því leiða til þess að gott samkomulag ríkis og sveitarfélaga um flutning grunnskólaverkefna yrði í uppnámi, þar sem afleiðingarnar yrðu mjög alvarlegar fyrir fjárhag sveitarfélaganna á sama tíma og þau eru að taka við auknum verkefnum. Auk þess er ljóst að traust sveitarstjórnarmanna á samningagerð við ríkið myndi breyta og enginn friður yrði varðandi önnur fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.


Á fundi með félags- og fjármálaráðherra um mál þetta 3. maí sl. kom fram hjá fulltrúum sambandsins að þeir gætu aldrei sætt sig við annað en að sveitarfélögin yrðu fjárhagslega jafnsett þó samþykkt yrðu lög um fjármagnstekjuskatt. Það er skoðun fulltrúa sambandsins á þeim fundi að ráðherrarnir hafi fallist á það sjónarmið.

Þrátt fyrir þá niðurstöðu fundarins hefur ekki verið komið til móts við það sjónarmið sambandsins að það yrði gert í beinum tengslum við samþykkt frumvarpsins um fjármagnstekjuskattinn. Þó hefur verið bent á auðvelda leið í því sambandi, þ.e. hækkun á hlutdeild sveitarfélaganna í staðgreiðsunn um 0,09 prósentnustig. Á Alþingi er nú til umfjöllunar breyting á lögum um


tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. skiptingu staðgreiðslu milli ríkis og sveitarfélaga, í tengslum við yfirtöku sveitarfélaga á grunnskólaverkefnum, sem taka á gildi í ársbyrjun 1997, á sama tíma og lög um fjármagnstekjuskatt. Mjög auðvelt er að breyta því frumvarpi og hækka hlutdeild sveitarfélaga í staðgreiðslunni til að mæta áhrifum af upptöku fjármagnstekjuskatts á fjárhag sveitarfélaga.

Útilokað er að fallast á annað en að samtímis því að lög um fjármagnstekjuskatt öðlist gildi verði sveitarfélögunum bætt fjárhagsleg áhrif þeirrar lagasetningar. Ef það verður ekki tryggt er eindregið lagt til að afgangið slú stjórnafrumvarps um fjármagnstekjuskatt verði frestað á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst,



Vilhjálmur P. Vilhjálmsson
-formaður-



Þórður Skúlason
-framkvæmdastjóri-

Til allra
alþingismanna.